

# Aðalfundur KFÍA 2022

Fimmtudaginn 17. febrúar 2022 kl. 20 var aðalfundur KFÍA haldinn í hátíðarsal ÍA á Jaðarsbökkum.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri KFÍA, setti fundinn og lagði til að Viktor Elvar Viktorsson yrði fundarstjóri og Ragnar Þór Gunnarsson yrði fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

1. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Hann staðfesti að skilyrðum 7 gr. laga félagsins um lögmati væri fullnægt og lýsti fundinn því löglegan.

2. Skýrsla stjórnar. Eggert Herbertsson, formaður KFÍA, flutti skýrslu stjórnar félagsins og fór yfir síðasta ár vítt og breitt. Hann fjallaði m.a. um gengi meistaraflokka karla og kvenna, gengi yngri flokkanna og hvernig innra starf félagsins hafði gengið síðasta ár. Farið var yfir hvernig Covid litaði árið en þrátt fyrir það náði félagið að halda dampi m.v. erfiðar aðstæður og eiga allir sem koma að því mikið hrós skilið. Sérstaklega skal tekið fram að mjög vel var staðið að Norðurálmóttinu og gekk það með eindæmum vel.

3. Ársreikningar félagsins. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, flutti yfirlit yfir ársreikning liðins árs. Framkvæmdarstjóri tók fram að skipt hefði verið upp tekjum félagsins í hefðbundnar rekstrartekjur annars vegar og hinsvegar tekjur tengdar sölu á leikmönnum. Hefðbundnar rekstrartekjur voru rúmar 223 milljónir kr., tekjur af sölu leikmanna 41,5 milljónir kr. en rekstrargjöld rúmar 246 milljónir kr. sem gerði rekstrarafgang að teknu tilliti til fjármagnsliða upp á tæpar 18,7 milljónir króna.

Eignir félagsins eru samtals 37,6 milljónir kr., eigið fé 25,5 milljónir kr. og skammtímaskuldir 12,1 milljónir kr.

Viktor Elvar Viktorsson, fundarstjóri, lét taka sama annan og þriðja lið og bauð upp á umræður um þá saman. Engar ábendingar eða umræður fóru fram.

Ársreikningur fyrir árið 2021 var samþykktur samhljóða.

4. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár. Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, lagði fram fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár 2022. Uppsetning er eins og með ársreikning 2021.

Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að velta félagsins yrði 322,6 m.kr., 265,1 m.kr í hefðbundnar rekstrartekjur og 57,5 m.kr. vegna sölu leikmanna. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld ársins nema 276,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir hagnaði upp á 46 m.kr.

Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2021 var einnig samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar voru lagðar fyrir aðalfund

6. Kosning formanns stjórnar. Á ekki við.

7. Kosning þriggja manna í stjórn til tveggja ára.

Kjörnefnd lagði fram tillögu um Ellert Jón Björnsson, Heimir Fannar Gunnlaugsson og Ragnar Þór Gunnarsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Kosning til eins árs (vegna þess að Hjálmur Dór sagði sig úr stjórn).

Kjörnefnd lagði fram tillögu um Valdísi Eyjólfsdóttur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kosning formanns Barna- og ungalingaráðs til tveggja ára.

Kjörnefnd lagði fram tillögu um Lindu Dagmar Hallfreðsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Kosning þriggja manna í barna- og unglíngaráð til tveggja ára. Tillaga um þrjá stjórnarmenn til tveggja ára.

Kjörnefnd lagði fram tillögu um Önnu Maríu Þórðardóttur, Bertu Ellertsdóttur og Þorstein Gíslason

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga til eins árs þar sem Jófríður María hefur ákveðið að hætta.

Kjörnefnd lagði fram tillögu um Óskar Rafn Þorsteinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

10. Kosning tveggja endurskoðenda félagsins eða endurskoðunarskrifstofu. KPMG.

11. Kosning þriggja fulltrúa í fagráð. Kjörnefnd lagði fram tillögu um Sturlaug Sturlaugsson sem formann, Marení Ósk Elíasdóttur og Hrefnu Rún Ákadóttur .

Tillagan samþykkt samhljóða.

12. Kosning kjörnefndar. Lögð var fram tillaga um Magnús Daníel Brandsson sem formann, Margréti Ákadóttur og Þórð Guðjónsson í kjörnefnd.

Tillagan samþykkt samhljóða.

13. Ákvörðun um félagsgjald. Lögð var fram tillaga um óbreytt félagsgjald - 6.000 kr.

Tillagan samþykkt samhljóða.

14. Heiðursviðurkenningar. Heimir Fannar Gunnlaugsson, varaformaður KFÍA, gerði grein fyrir ákvörðun stjórnar um heiðursviðurkenningar til félagsmanna KFÍA.

Gullmerki KFÍA fengu Benedikt Valtýsson og Kristín Aðalsteinsdóttir.

Heiðursviðurkenningu KFÍA fengu Steindóra Steinsdóttir, Sævar Freyr Þráinsson, Margrét Ákadóttir og Alexander Högnason.

Sérstakar þakkir fá fráfarandi stjórnarmenn Barna- og unglingsráðs fyrir sín störf fyrir félagið.

15. Önnur mál.

Magnea Guðlaugsdóttir fór yfir sl. ár hjá meistaraflokki kvenna, leikmannahópin og væntingar fyrir komandi tímabil.

Jón Þór Hauksson fór yfir sl. ár hjá meistaraflokki karla, leikmannahópin og væntingar fyrir komandi tímabil.

Hörður Helgason tók til máls og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Óskaði einnig viðurkenningarhöfum til hamingju. Hann fór yfir sl. sumar á knattspyrnuvellingum, lágpunkta og hápunkta.

Magnús Guðmundsson, fyrrverandi formaður KFÍA tók til máls. Þakkaði fyrir flott starf. Vakti athygli á því að tveir skagamenn væru í framboði til stjórnar KSÍ og ítrekaði mikilvægi þess að vera í sterku og góðu sambandi við KSÍ.

Gunnar Sigurðsson tók til máls. Hann fór yfir þær framkvæmdir sem standa til á Jaðarsbökkum og sögu fyrri framkvæmda. Ítrekaði mikilvægi þess að KFÍA haldi vel á spöðunum hvernig framtíð svæðisins verði háttáð. Leggur til 5-8 manna teymi í samtal við Akraneskaupstað til að gæta hagsmuna KFÍA.

Jón Gunnlaugsson tók til máls. Hann vakti athygli á núverandi aðstaða KFÍA væri þröng í sniðum. Hann fór yfir söguna og vakti athygli á vanköntum í utanumhaldi og aðstöðu.

Einar Brandsson, tippforingi og bæjarfulltrúi tók til máls. Hann vildi vekja athygli á því að á hverjum laugardegi klukkan 11:00 hittist getraunahópur félagsins. Hann hvetur alla bæjarbúa að mæta og tippa.

Hann minnti á að allir sem að tippa á netinu og fara á [1x2.is/felog](http://1x2.is/felog) og velja ÍA, eru að styrkja knattspyrnufélagið.

Hann fór einnig inn á aðstöðumálin og mikilvægi þess að þrengja ekki að íþróttunum á þeirra svæði.

Að lokum sleit formaður formlega fundi.

16. Fundarslit

Fundi slitið kl. 21:32.

Fundargerð ritaði Ragnar Þór Gunnarsson, fundarritari.